



# FRÁ RITSTJÓRA

Halldór Brynjar Halldórsson

Núverandi starfsár lagadeildar Háskólans í Reykjavík markar merkan áfanga í sögu laganáms hér á landi. Í fyrsta skipti í sögunni eru tvær fullskipaðar lagadeildir að störfum á Íslandi. Lögrétta, félag laganema við Háskólann í Reykjavík, er nú öflugra en nokkru sinni fyrr, og mun líkt og deildin sjálf aðeins eflast með árunum. Sést þetta ekki hvað síst á síaukinni áherslu félagsins á fræðistörf, sem m.a. mikill fjöldi ákaflega vel söttra málfunda sem félagið hefur staðið fyrir nú á haustönn ber gott vitni um. Tímarit Lögréttu mun ekki láta sitt eftir liggja hvað þetta varðar. Það hefur verið von allra forvera minna í þessu starfi að fræðastörfum nemenda verði vel sinnt á síðum tímaritsins. Er það því vel við hæfi að nú þegar deildin er loks fullskipuð skuli birtast á síðum þessa rits ákaflega merk og vel unnin ritgerð eftir nemanda á 5. ári við skólann, Berglindi Ýr Karlsdóttur. Berglind fjallar þar um norrænt lagasamstarf í sögulegu ljósi og dregur af umfjöllun sinni nokkrar áhugaverðar niðurstöður. Get ég stoltur sagt að ritgerðin beri fræðivinnu laganema við Háskólann í Reykjavík fagurt vitni, og leyfi mér að fullyrða að hún hefði staðist ritrýni með glæsibrag, þó sú ákvörðun hafi verið tekin að birta verk eftir nemendur óritrýnd, a.m.k. enn um sinn. Í 1. hefti 1. árgangs tímaritsins sem eldhuginn Andri Gunnarsson ritstýrði, dregur hann fram það sem hann telji að eigi að vera innihald tímaritsins. Í fyrsta lagi ritrýndar fræðigreinar, í öðru lagi styttri innlegg fræðimanna og í þriðja lagi verk nemenda. Að þessu sinni má finna allt þetta í heftinu. Auk greinar Berglindar ber fyrsta að nefna ritrýnda fræðigreina Ásmundar G. Vilhjálmssonar um gengisskattlagningu. Skattaréttur fer ört vaxandi sem fræðigreina innan lögfræðinnar og mun ekki líða á löngu

fyrir en það svið verður orðið eitt það allra umfangsmesta innan lögfræðinnar. Stafar sú þróun ekki hvað síst af gífurlegri aukningu í alþjóðaviðskiptum, eitthvað sem haft hefur rík áhrif hér á landi. Það er okkur því mikill heiður að birta þessa grein Ásmundar um þetta lítt rannsakaða svið skattaréttarins, enda er hann einn af okkar helstu sérfræðingum í þessum efnum. Næst ber svo að nefna ritrýnda fræðigreina Krístrúnar Heimisdóttur sem ber yfirskriftina „Breytt íslensk lögfræði“. Fjallar Krístrún þar um þær gífurlega miklu breytingar sem átt hafa sér stað í íslensku lagaumhverfi og –námi á síðustu árum, og setur þær í sögulegt samhengi. Grein Péturs G. Thorsteinssonar, „The evolving European trade environment“ markar síðan merka nýjung í Tímaritinu. Í fyrsta skipti birtist á síðum ritsins grein á öðru tungumáli en okkar ástkæra ylhýra. Samfara æ alþjóðlegra starfsumhverfi íslenskra lögfræðinga sem óþarft er að útlista fyrir lesendum þessara lína, er lítið því til fyrirstöðu að birta greinar á ensku á síðum íslenskra lagarita. Pétur, sem var aðstoðarframkvæmdastjóri EFTA á árunum 2001 til 2006, fjallar af yfirgripsmikilli þekkingu um málefni EFTA í viðum skilningi, m.a. um þær áskoranir sem bíða okkar í framtíðinni. Að lokum kynnum við síðan enn eina nýjungina á síðum ritsins, en þar er um að ræða stutta kynningu á nýrri bók Davíðs Þórs Björgvinssonar, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu. Davíð er óþarft að kynna, en bókinn fjallar um hið eilífa hitamál innan lögfræðinnar, samspil EES – réttar og landsréttar. Er óhætt að segja að um ákaflega þarft innlegg í þá fræðiumræðu sé að ræða. Það er einlæg ósk mín að ritið verði hin áhugaverðasta lesning, og sem allra stýst bið verði í 2. heftið.